

Borgarstjórn
16. júní 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs í umhverfis- og úrgangsstjórnunarmálum

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg verði leiðandi þátttakandi í undirbúningi að stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs í umhverfis- og úrgangsstjórnunarmálum. Reykjavíkurborg myndi hafa frumkvæði að því að leiða saman þær fjölmörgu stofnanir, samtök, hagsmuna- og áhugahópa sem með úrgangs- og umhverfismál fara og láta sig varða. Sömuleiðis yrði einstaklingum og einkafyrirtækjum boðið að taka þátt í verkefninu og undirbúningi þess. Borgarstjórn samþykkir að skipa stýrihóp sem verði falið að undirbúa verkefnið og kalla eftir aðkoma hlutaðeigandi aðila sem áhuga hafa á að koma að málinu. Á sama tíma myndi Reykjavíkurborg hefja leit að hentugu húsnæði fyrir klasasamstarf af þessum toga, með það fyrir augum að leggja til verkefnisins.

Greinargerð:

Fjölmargar stofnanir á vegum borgarinnar hafa með umhverfis- og úrgangsmál að gera, sem og ríkisstofnanir, félagasamtök, áhugahópar og fjöldinn allur af einstaklingum. Hlutverk borgarinnar yrði að vera í forystu um að leiða þessa aðila saman, meðal annars í þeim tilgangi að verða bakhjarlar nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs í þessum málaflokkum. Hver samstarfsaðili kæmi með sína sérþekkingu og sitt hlutverk til að aðstoða frumkvöðla sem vilja láta til sín taka málaflokknum með nýjum, frumlegum og skapandi hætti. Fyrirmyndir að slíku frumkvöðlasetri eru víða, jafnt innanlands sem utan. Ekki er gert ráð fyrir beinu fjárframlagi borgarinnar á fyrstu stigum verkefnisins, annað en að nýta, annars autt, húsnæði á hennar vegum. Pokasjóður hefur þegar lýst yfir áhuga á aðkomu að verkefninu og fjármögnun þess að hluta.

Aðrir mögulegir samstarfsaðilar gætu verið; umhverfis- og heilbrigðisráð, Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar, SORPA, Endurvinnslan, Landgræðslan, skógræktarfélag, umhverfisráðuneyti, umhverfisstofnun, svo örfá dæmi séu nefnd.

Samstarfsvettvangur af þessu tagi á sér margar fyrirmyndir en nærtækast er að nefna vel heppnaðan sjávarútvegsklasa og bláa hagkerfið honum tengdum sem er til fyrirmyndar og nýtur álits langt út fyrir landsteinana.

Verkefnið tengist grænum áherslum Reykjavíkurborgar. Verkefnið gæti farið af stað án tafa, t.d. með þeim hætti að hentugri aðstöðu yrði úthlutað í tengslum við verkefnið „Skapandi borg“ þar sem húsnæði borgarinnar er boðið til útleigu. Áætlaður kostnaður ætti að vera svo gott sem enginn og þannig að rúmast vel innan núverandi heimilda.